

Andrésar andar leikarnir



35 ára



Í allmörg ár komu nokkrir menn saman á kaffistofu Almennra trygginga h.f. í Hafnarstræti 100 á Akureyri. Allir höfðu þeir það sameiginlegt að vera áhugamenn um skíðaíþróttina og snerust umræður alloft um skíðamál á Akureyri, hvernig staðan væri, úrslit skíðamóta o.s.frv., enda voru þessir menn gjarnan að stússa við skíðamót í *Fjallinu* um helgar, eða vinna að málum Skíðaráðs Akureyrar, sem þeir voru tengdir á einn eða annan hátt á þessum tíma.



Fyrsta Andrésar andar nefndin: Fv. Ívar Sigmundsson, Kristinn Steinsson, Gísli Kr. Lörenzson og fyrir framan þá Hermann Sigtryggsson. Á innfelledu myndinni er Leifur Tómasson, sem nú er látinn.



Keppendur í göngu drengja á Andrésar andar leikum 1987:

Fv. Arnar Sveinsson, Arinbjörn Þórarinnsson, Árni Freyr Elíasson, Þórhallur Barðason, Kristján Hauksson, Bjartmar Guðmundsson, Gísli Einar Árnason og Kári Jóhannesson.

Fljótlega í umræðunni kom til tals að mótið tengdist teikni-myndasögunni um Andrés önd og félag og átti Leifur Tómasson hugmyndina um að kalla fyrirhugað barnamót Andrésar andar leikana á skíðum.

Leifur kannaði möguleika á að heimild fengist fyrir því að nota þetta nafn og komst að því að það mál væri á höndum *Gutenbergus-Bladene* í Kaupmannahöfn, en það fyrirtæki hafði einkarétt

Aðdragandi og upphaf leikanna

Þetta voru þeir Ólafur Stefánsson, forstjóri Almennra trygginga h.f. á Akureyri, Leifur Tómasson, stórkaupmaður, Róbert Friðriksson, skrifstofumaður hjá Almennum tryggingum, Hermann Sigtryggsson, æskulýðs- og íþróttafulltrúi Akureyrarbæjar, sem hafði þá skrifstofu í húsi Almennra í Hafnarstræti 100, Ívar Sigmundsson, forstöðumaður Skíðastaða í Hlíðarfjalli, og Frimann Gunnlaugsson, eigandi Sport- og hljóðfæraverslunarinnar á Akureyri.

Það var árið 1973 að til umræðu kom hjá þessum hópi að efna til barnamóts á skíðum á Akureyri fyrir allt landið. Ekki voru þá nein landsmót fyrir yngstu aldurshópana í þessari grein og svo til eingöngu keppt í þeim flokkum heima í héruðum. Töldu þeir félagar að mót sem þetta gæti orðið lyftistöng fyrir skíðaíþróttina. Ýmsir sóttu þennan kaffiklúbb heim, fengu sér kaffisopa hjá Óla Stef., tóku þátt í umræðum og lögðu inn góð orð bæði í þessu máli og öðrum.

Hugmyndin um barnamót á skíðum fyrir allt landið var alllengi til umræðu í þessum hópi og var m.a. leitað umsagnar „utanaðkomandi“ aðila bæði úr röðum íþróttahreyfingarinnar og annarra aðila sem kunnugir voru mótahaldi á landsvísi. Hugmyndinni var hvarvetna vel tekið, en ekki komst þó skriður á málið fyrr en árið 1975.



Sr. Pétur Þórarinnsson var mikill velunnari Andrésar andar leikanna. Hér er hann að flytja eina af sínum mörgu eftirminnilegu hugvekjum á setningu leikanna í Íþróttahöllinni á Akureyri.

á þessu nafni á Norðurlöndunum, frá eiganda þess, Walt Disney Production í Bandaríkjunum. Leifur leitaði þá liðsinnis mágs síns, Dana að nafni Erik Pedersen sem búsettur var í Kaupmannahöfn og var hann milligöngumaður í þessu máli við fyrirtækið til að byrja með, eða þar til hann kom á beinu sambandi milli Leifs og



Verðlaunaafhending í 7 ára flokki og yngri í stórsvigi á fyrstu Andrésar andar leikunum árið 1976. No. 1 Sveinn Rúnarsson R, no.2 Aðalsteinn Árnason A, no. 3 Jón Halldór Harðarson A, no. 4 Hilmar Valsson (th. við verðlaunapall) no. 5 Arna Ívarsdóttir (tv. við verðlaunapall) og no. 6 Árni Hauksson A (lengst til hægri).

fulltrúa Gutenberghus-Bladene, Hennings Dahl.

Leifur og Henning Dahl átt síðan í samskiptum um málefni Andrésar andar leikanna hvað varðaði samskipti heimamanna á Akureyri og *Gutenberghus-Bladene* í Kaupmannahöfn um nokkurra ára skeið og 1978 staðfestu þessir heiðursmenn samkomulag, sem þeir höfðu gert fyrir fyrstu leikana, um að þetta barnamót bæri nafn einnar frægustu teiknimyndastjörnu allra tíma, Andrésar andar.

Fyrir fyrstu leikana sem haldnir voru árið 1976 var skipuð framkvæmdanefnd og í henni voru Ívar Sigmundsson, formaður Skíðaráðs Akureyrar, Gísli Kr. Lórenzon, tilnefndur af for-eldraráði Skíðaráðs Akureyrar, Leifur Tómasson, tilnefndur af Íþróttabandalagi Akureyrar, Kristinn Steinsson tilnefndur af Skíðaráði Akureyrar og Hermann Sigtryggsson æskulýðs- og íþróttfulltrúi Akureyrarbæjar.

Framkvæmdanefndin skipti ekki með sér verkum fyrr en 6. mars 1978 og hlaut nú nafnið Andrésar andar nefndin. Fyrsti formaður var kosinn Kristinn Steinsson, ritari Gísli Kr. Lórenzon, gjaldkeri Hermann Sigtryggsson, erlundur bréfitari Leifur Tómasson og meðstjórnandi Ívar Sigmundsson.

Hinn 11. janúar 1979 var Gísli Kr. Lórenzon kosinn formaður og var hann formaður Andrésar andar nefndarinnar allt til ársins 2005 þegar sonur hans Ingólfur Gíslason tók við formennsku. Þessi nefnd vann að hvers konar undirbúningi fyrir fyrstu leikana og hefur starfað að þeim alla tíð síðan með all nokkrum mannbreytingum. Árið 1981 tók Einar Kr. Pálsson sæti Hermanns í nefndinni og var í henni til 1994 en þá tók Þóra Leifsdóttir við af honum. Árið 1985 hætti Leifur og í hans stað kom Magnús Ingólfsson sem var í nefndinni til 2002. Árið 1985 kom Friðrik Adolfsson í nefndina og síðar komu Gísli Már Ólafsson 1991, Óðinn Árnason 1996, Jóhannes Kárason 2002, Ingólfur Gíslason, Smári Kristinsson og Pétur Sigurðsson 2004, Aðalgeir Hallgrímsson og Arna Ívarsdóttir 2005.

Kristinn Steinsson hætti í nefndinni 2003 og hafði þá starfað

í henni frá upphafi og var fyrsti formaður hennar 1978 – 1979. Geti má þess að Kristinn hefur safnað öllum leikskráum og skýrslum um Andrésar andar leikana frá upphafi ásamt ýmsum munum og prentuðu efni sem gefið hefur verið út um þá. Hefur Kristinn haft sýningu á þessum munum á nokkrum Andrésar andar leikum. Kristinn afhenti Andrésar andar nefndinni þetta safn sitt til eignar og varðveislunni á leikunum sem fram fóru 2005. Sama ár hættu eftirtaldir aðilar í nefndinni: Gísli Kristinn Lórenzon, Ívar Sigmundsson, Óðinn Árnason, Gísli Már Ólafsson og Friðrik Adolfsson. Við formennsku í Andrésar andar nefndinni tók þá Ingólfur Gíslason. Fram að þessu höfðu tveir menn starfað í nefndinni allt frá upphafi eða um 30 ár, en það eru þeir Gísli Lórenzon og Ívar Sigmundsson, auk þess sem Ívar starfaði í undirbúningshópi leikanna í nokkur ár áður en leikarnir hófust og nefndin var sett á stofn.

Frá árinu 1995 hefur starfað framkvæmdastjórn á vegum Andrésar andar nefndarinnar sem í áttu sæti Gísli Kr. Lórenzon formaður, Ívar Sigmundsson gjaldkeri og Friðrik Adolfsson. Þessir menn hættu 2005 og við tóku Ingólfur Gíslason, sem er formaður, Smári Kristinsson og Pétur Sigurðsson. Pétur hætti 2007 og í hans stað kom Aðalgeir Hallgrímsson. Núverandi Andrésar andar nefnd (2010) er skipuð svo sem hér segir: Ingólfur Gíslason formaður, Þóra Leifsdóttir, Jóhannes Kárason, Smári Kristinsson, Arna Ívarsdóttir, Aðalgeir Hallgrímsson, Oddgeir Sigurjónsson sem kom í nefndina 2007 og Sigurgeir Svavarsson sem kom í nefndina 2008.

Til gamans má geta þess að Ingólfur, Þóra, Smári og Arna eru öll börn stjórnarmanna sem voru í fyrstu framkvæmdastjórn Andrésar andar leikanna.

Nokkuð er mismunandi á fyrstu árum leikanna hvort skipaður var mótstjóri, mótsnefnd eða framkvæmdanefnd Andrésar andar leikanna sá sjálf um mótsstjórnina, en frá árinu 1987 til 2005 hafa leikstjórar keppnisgreina og formaður Andrésar andar nefndarinnar og síðar formaður framkvæmdanefndarinnar skipað móts-



stjórn. Frá 2006 hefur Andrésar andar nefndin annast mótisstjórn leikanna.

Mótisstjóri í bikarmóti Skíðasambands Íslands í unglingaflokkki 13 – 14 ára hefur verið Dagbjartur Halldórsson frá því að aldursflokkurinn hóf keppni á Andrésar andar leikunum árið 2005.

Allt frá upphafi Andrésar andar leikanna hefur aldrei skort sjálfboðaliða til að vinna við leikana og hin síðari ár hafa starfsmenn verið á annað hundrað manns. Fólkið kemur úr röðum Skíðafélags Akureyrar og fyrir stofnun þess árið 2000 frá Skíðaráði Akureyrar. Einnig hafa ófélagsbundnir velunnarar leikanna hjálpað til.

Í ágúst 1988 fóru Gísli Kr. Lórenzon, Ívar Sigmundsson, Óðinn Árnason og Jóhann Hauksson til Noregs og Danmerkur á vegum Andrésar andar nefndarinnar. Í Noregi kynntu þeir sér framkvæmd *Donald Duck* sumarleikanna í frjálsum íþróttum, en það hafði hvarflað að mönnum að e.t.v. væri hægt að halda slíka sumarleika á Íslandi. Var haft samband við Frjálsíþróttasamband Íslands um þetta mál og sýndu menn þar á bæ þessu mikinn áhuga. Ekkert varð þó úr því að stofnað væri til Andrésar andar leika í frjálsum íþróttum á Íslandi að þessu sinni.

Í framhaldi af dvölinni í Noregi fóru þeir félagar til Kaupmannahafnar og skyldi þar ganga frá endurnýjuðum samningi og skjalfesta samkomulag um samstarfs milli Akureyringa og *Gutenberghus-Bladene* um Andrésar Andar leikana á Akureyri. Þar kom til móts við þá Kristján Kristjánsson, auglýsingateiknari á Akureyri.

Til fundar við fulltrúa *Gutenberghus-Bladene* fóru auk Kristjáns þeir Gísli Lórenzon og Ívar Sigmundsson. Þar tók á móti þeim markaðsfulltrúi fyrirtækisins Dorte Anderson, sem sá um samningana fyrir þess hönd. Er skemmst frá því að segja að þarna var mjög vel tekið á móti Akureyringunum og skrifað undir góða samninga. Þessi samningur var síðan endurnýjaður 1990 við Vöku Helgafell

Skrúðganga á Andrésar andar leikunum 1987 en þá var gengið frá Lundarskóla í Akureyrarkirkju þar sem leikarnir voru settir.

Skrúðgöngurnar byrjuðu árið 1977 og hafa verið fastir liðir á Andrésar andar leikunum allar götur síðan. Síðustu ár hefur verið var gengið frá KA heimilinu í Íþróttahöllina þar sem leikarnir hafa verið settir 21 sinni til þessa.

sem þá var umboðsaðili Walt Disney fyrirtækisins á Íslandi og síðar við Eddu útgáfuna.

Frá þessum aðilum hefur Andrésar andar nefndinni ávallt borist góður stuðningur við leikana og fjölmargir þátttakendur þeirra fengið frá þeim skemmtilegt bland í Andrésar poka með sér heim að leik loknum.

Heiðursgestir á Andrésar andar leikunum hafa verið nokkrir. Árið 1978 voru Gísli Halldórsson forseti Íþróttasambands Íslands og Henning Dahl fulltrúi Gutenberghus-Bladene heiðursgestir, árið 1979 Þorsteinn Einarsson, íþróttfulltrúi. 1981 Sveinn Björnsson, forseti Íþróttasambands Íslands, 1982 Sigurður Jónsson (Búbbi prentari) Ísafirði, 1983 Hreggviður Jónsson, formaður Skíðasambands Íslands, 1984 Peder Slettemo, formaður

Donald Duck nefndarinnar í Kongsberg í Noregi (Andrésar leika þeirra Norðmanna) og 1985 voru heiðursgestir þau Trygve Saude og kona hans Else Saude frá Kongsberg og Kolbeinn Pálsson, fulltrúi hjá Flugleiðum og kona hans Guðrún Jóhannsdóttir.

Árið 1978 hófust samskipti við *Kongsberg Idrettsforening* í Noregi og fóru sigurvegarar í 12 ára flokkum í alpagreinum árlega til keppni á *Donald Duck* leikunum í Kongsberg. Norðmenn hafa sent keppendur á leikana á Akureyri af og til. Þessi samskipti lögðust niður þegar leikarnir í Noregi hættu árið 1986. Þá hafa norsk og grænlenk börn komið nokkrum sinnum til keppni á Andrésar Andar leikana.

Geta má þess að árið 1979 skrifaði Jón Karl Sigurðsson, afgreiðslustjóri hjá Flugleiðum í Óslo bréf til Andrésar andar nefndarinnar og skráði einn 12 ára svigkappa frá *Bærum slalomklubb* í Noregi „einn af þeim langbestu“ eins og hann tók fram í bréfinu, en það var Finn Christian Jagge, sem síðar varð einn af bestu svigmönnunum heims, varð m.a. Ólympíumeistari í svigi. Jagge varð no. 2 bæði í svigi og stórsvigi á Andrésar andar leikunum 1979 á eftir Árna G. Árnasyni frá Húsavík.

Í framhaldi af þessu má segja frá fyrstu kynnum Árna G. Árnasonar og fyrsta mótstjóra Andrésar andar leikanna, Harðar Sverrissonar, starfsmanns í Hlíðarfjalli. Hörður var á snjótroðaranum að vinna við undirbúning kvöldið fyrir fyrstu leikana 1976, þegar nokkur börn komu labbandi upp frá Skíðahótelinu í Hjallabrekkuna.



Keppt var í skíðastökki á Andrésar leikunum frá 1981 til 1985. Þessi mynd er tekin í stökkbrautinni við Ásgarð í Hlíðarfjalli.



Þrautabraut í göngu hjá yngstu aldursflokkum á leikunum árið 1999.



Parna er mættur Finn Christian Jagge frá Noregi ásamt nokkrum Ísfríðingum og Húsvíkingum. Jagge varð síðar Ólympíumeistari í svigi, en á Andrésar andar leikunum 1979 lét hann í minni þókann fyrir fyrir Árna G. Árnasyni frá Húsavík í svigi og stórsvigi og allmörgum árum síðar varð hann í einnig að gefa eftir fyrir Ólafsfirðingnum og gömlum Andrésar keppanda Kristni Björnssyni. Það var á heimsbikarmóti í svigi í Park City í Utah í Bandaríkjunum 1997, þar sem Kristinn varð no. 2 og Jagge no. 3. Þar vann Kristinn einn stærsta sigur sem Íslendingur hefur unnið í skíðafélaginu fyrr og síðar.

Þau veifuðu til hans og þá sérstaklega einn úr hópnunum sem vildi sýnilega tala við hann. Hörður stoppar og gefur sig á tal við börnin og sögðust þau vera frá Húsavík. Þetta voru þá keppendur sem komnir voru til leiks og bjuggu í Skíðahótelinu en vildu kanna aðstæður í tíma.

Hörður man það enn í dag úr samtalinu við börnin að pilturinn sem veifaði hvað ákafast til hans spurði hvort virkilega ætti að keppa á þessum golfvelli á Andrésar andar leikunum. Herði var svarað átt að líklega hefur strák þótt þetta heldur flatt og lítið til koma miðað við æfingabrautir sínar heima. Parna var kominn Árni G. Árnason frá Húsavík, sem 1979 gerði sér lítið fyrir og skaut Finn Christian Jagge aftur fyrir sig í 12 ára flokknum það ár. Í sviginu var hann 61 hundraðasta úr sek. á undan Jagge og í stórsviginu 3.53 sek.

Árin 1998, 1999 og 2000 fóru sigurvegarar í elstu flokkum á Andrésar leikum í alpa- og norrænum greinum í ferð til Parísar, skoðuðu Euro Disney skemmtigarðinn og sitthvað fleira.

Árið 2001 hófst nýtt tímabil í samskiptum við aðrar þjóðir með því að sigurvegarar frá árinu áður í elsta flokki Andrésar leikanna í göngu voru sendir til keppni í stórt göngumóti í þeirra aldursflokki á Holmenkollen í Noregi. Í því móti var einnig keppt 2002 og 2003. Ekki var keppt 2004, en 2005 og 2006 var keppt í Gjövik í Noregi. Sama ár hófust einnig samskipti við framkvæmdaaðila Mikka mús leikanna á Ítalíu og þangað sendir sigurvegarar frá árinu áður úr elsta flokki í svigi og stórsvigi til keppni á Topolino leikunum í Pinzolo. Síðan 2006 hafa ekki verið sendir keppendur erlendis á vegum Andrésar leikanna.

Á fyrstu Andrésar andar leikunum 1976 var keppt í svigi og stórsvigi í aldursflokkunum 7 – 12 ára og var það fyrirkomulag óbreytt til ársins 1981, en þá hófst keppni í göngu og stökki. Keppt var í stökki til ársins 1995, en þá var því hætt. Það ár var keppt í risasvigi fyrir eldri flokka og þeirri keppni haldið áfram

Framhald á næstu bls.



Gleðilega hátíð krakkar



Sprettur - Inn
PIZZA - VÍÐEÖ • 4 64 64 64
KAUPANGI • AKUREYRI • COPENHAGEN • 11.00 - 23.00



FRAMTAL SF.
KAUPANGI V/ MÝRARVEG - BOX 222
602 AKUREYRI • Sími 461 2842 • FAX 461 2843
KT. 660990-2169 • VSK. 26211



Prentstofan
STELL



AVH
ARKITEKTÚR • VERKFRÆÐI • HÖNNUN
Kaupangi Mýrarvegi, Akureyri
Sími 460 4400, avh@avh.is



RAKARASTOFA
RAGNARS
SÍMAR 462 1898
OG 462 3646



HÁRTÍSKAN
Kaupangi v/ Mýrarveg
Akureyri
Sími 462 6666
Bjarney • Kristín • Oddný

Velkomin í Kaupang

Haukur, Bessi og Ásta
Tannlæknar Kaupangi v/ Mýrarveg

Ragnheiður Hansdóttir
Tannlæknir



Hér er efst á verðlaunapalli afrekskonan Guðrún Jóna Magnúsdóttir A; no. 2 er Bryndís Viggósdóttir R; no. 3 er Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir Í; no. 4 er Björg Eiríksdóttir A og no. 5 er Katrín Pétursdóttir A.

með hléum til ársins 2002 þegar því var hætt. Árið 1998 var fyrsta leikjabrautin opnuð í alpagreinum og sama ár hófst keppni í þrautabraut í göngu, hvorutveggja fyrir yngri aldursflokka.

Nokkrar breytingar hafa átt sér stað í flokkaskipan milli ára. Árið 2004 bættist 13 ára aldursflokkurinn við á Andrésar andar leikunum og ári seinna 14 ára aldursflokkurinn. Hefur keppni í aldursflokki 13 – 14 ára jafnframt verið bikarmót Skíðasambands Íslands þar sem keppt er í alpa og göngugreinum.

Á fyrstu Andrésar andar leikunum gistu allflestir aðkomuþátttakendur í Skíðahótelinu í Hlíðarfjalli. Forstöðumaður í fjallinu þá var Ívar Sigmundsson ásamt sínu ágæta starfsliði sem Ívar segir að hafi verið einstaklega samheldið og lagði mikið á sig til að rekstur staðarins gengi sem best. Til marks um það gengu flestir í mörg störf í fjallinu og létu sig ekki muna um að annast matargerð þegar á þurfti að halda og í næstu andrá spenna á sig skíðin og kenna dagpart á skíðanámskeiðum sem boðið var upp á í fjallinu.

Þetta fólk var svo til staðar þegar Andrésar andar leikarnir hófust og aðstoðuðu á margvíslegan hátt til að skapa eins góðar aðstæður og hægt var í Hlíðarfjalli. Árið 1980 var gistiðstaðan þarna orðin of lítil, enda gistu þá 150 manns í Skíðahótelinu og margir leituðu gistingar annarstaðar. Næsta ár var því leitað til skólastjóra Lundarskóla Harðar Ólafssonar um að lána skólann fyrir gistingu fyrir aðkomuþátttakendur meðan á leikunum stæði og var brugðist vel við þeirri bön. Hörður sá svo um móttöku og skipulag vegna gistingar í skólanum allt þar til hann hætti störfum við skólann 1997, en gisting í skólanum hætti árið eftir. Þátttakendur hafa síðan gisti á ýmsum stöðum í bænum, aðallega á Hótel KEA.

Starfsmenn Skíðastaða segja svo frá að þegar þeir mættu til vinnu á fyrsta keppnisdegi Andrésar andar leikanna 3. apríl 1976 milli kl. 7 og 8 að morgni, hafi nokkrir ungir keppendur þegar staðið í fullum skríða á skíðum og beðið þess að stóla lyftan færi í gang. Keppni átti að hefjast kl. 10.00. Það vantaði ekki áhugann.

Dagskrá fyrstu Andrésar andar leikanna á Akureyri 1976:

Laugardagur 3. apríl, við Stromp (þar sem Strýta er nú)

kl. 10.30 stórsvig 10 - 11 - 12 ára, 2 ferðir.

Við Hjallabraut:

kl. 13.00 stórsvig 7 - 8 - 9 ára, 2 ferðir.

Sunnudagur 4. apríl, við Stromp.

kl. 10.30 svig 10 - 11 - 12 ára

Við Hjallabraut:

Kl. 13.00 svig 7 - 8 - 9 ára.

Verðlaunaafhending við Skíðahótelinu að lokinni keppni.

Starfsmannalisti fyrstu Andrésar andar leikanna:

Mótsstjórni: Ívar Sigmundsson, Hörður Sverrisson,
Gísli Lórenzon

Mótsstjóri: Hörður Sverrisson

Brautarstjóri: Reynir Pálmason

Ræsar: Árni B. Arnason, Júlíus Björnsson,

Guðmundur Sigurbjörnsson

Kynnir: Leifur Tómasson

Ritari: Guðrún Frimannsdóttir

Tímaverðir: Björn Sigmundsson, Hörður Sverrisson,

Gísli Lórenzon

Markstjóri: Hörður Ólafsson

Formaður hliðvarða: Kristinn Steinsson

Númeraverðir: Hreiðar Gíslason, Jónína Pálsdóttir

Leikskrá og skýrsla: Hermann Sigtryggsson

Fyrsta mótsstjórni Andrésar andar leikanna: Ívar Sigmundsson, Hörður Sverrisson, Gísli Lórenzon. Fyrsti mótsstjóri var Hörður Sverrisson. Fyrsti formaður var Kristinn Steinsson. Fyrstu heiðursgestir voru Gísli Halldórsson og Henning Dahl. Á fyrstu leikunum voru keppendur frá: Siglufirði, Húsavík, Ólafsfirði, Ísafirði, Reykjavík, Dalvík og Akureyri. Alls voru skráðir keppendur 148. Fjölmennustu leikarnir voru árið 2002, þá voru skráðir keppendur 799 og liðsstjórar og þjálfarar voru um 250.

Gísli Kr. Lórenzon var formaður Andrésar andar nefndarinnar frá 1979 til 2005, eða í 27 ár og þar á undan í ýmsum embættum leikanna frá upphafi.

Óðinn Arnason var svigstjóri á Andrésar andar leikunum frá 1981 til 2005 eða í 25 skipti og þar á undan í ýmsum embættum leikanna frá upphafi. Þröstur Guðjónsson hefur verið göngustjóri frá því að skrudgöngur byrjuðu á Andrésar leikunum 1977 og til 2009, eða í 34 skipti að einu undanskildu.

Allt frá því byrjað var að auglýsa í leikskrá Andrésar andar leikanna, á öðru ári þeirra 1977, var auglýsing frá *Bókabúð*



Jónasar og allt þar til búðin hætti rekstri 2006. Útlitið ávallt eins, en texta breytt örlítið. Stefán Jónasson, skíðagöngumaður og starfsmaður á allflestum Andrésar andar leikum, átti þessa búð.

Guðrún Jóna Magnúsdóttir frá Akureyri vann svig og stórsvig í sínum aldursflokki fimm ár í röð á árunum 1976 til 1980 eða öll árin sem hún hafði rétt til að keppa á leikunum.

Guðmundur Sigvaldason og Torfhildur Stefánsdóttir hafa tölvuskráð öll úrslit úr Andrésar andar leikunum frá upphafi 1976 – 2006 svo og starfsmannalista leikanna. Úrslitin eru aðgengileg á vef Skíðafélags Akureyrar. Slóðin er: www.skidi.is

Akureyri, mars 2010,
Hermann Sigtryggsson.

Ljósmyndir: Gísli Sigurgeirsson, Gísli Kr. Lórenzon, Myndrún og Hermann Sigtryggsson.